



# Áveitan

10. tbl. 16. árgangur. Október 2022

## Vinningshafarnir í Sá ég spóa

Nú er búið að afhenda vinningshöfum ársins í „Sá ég spóa“ verkefninu okkar gjafabréfin sín. Það voru þau Steinunn Lilja Kristinsdóttir í Vatnsholti 3 sem vann sögu og matarferð um Selfoss fyrir alla fjölskylduna, og Stefán Orri Guðjónsson á Syðri-Hömrum sem vann veiðidag og gistingu í veiðihúsi í Hvítá við Hallanda. Við þökkum enn og aftur öllum fyrir þátttökuna, landeigendum fyrir gott samstarf og gefendum verðlauna sérstaklega, en það eru Tómas Þóroddson og Helga Gísladóttir í Skógsnesi, og Magnús St. Magnússon og Ingunn Jónsdóttir í Hallanda.



Steinunn Lilja Kristinsdóttir og Stefán Orri Guðjónsson

## Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. [halla@floahreppur.is](mailto:halla@floahreppur.is)  
Oddný Ása Ingjaldsdóttir [odnyasa@floaskoli.is](mailto:odnyasa@floaskoli.is)

845-9719  
865-5692

Kæru íbúar Flóahrepps

Haustið hefur heilsað upp á okkur með fallegri litadýrð og nokkuð stilltum og björtum dögum í september. Við í Flóahreppi sluppum nokkuð vel í lægðinni sem gekk yfir landið með látum undir lok mánaðarinnis en því miður hafði lægðin mikil áhrif víðsvegar um landið. Við vitum aldrei hvenær veðráttan lætur finna fyrir sér en það er ljóst að öfgar í veðurfari er eitthvað sem við erum að sjá æ oftar.



Á næstu vikum munu íbúar verða þess varir að ný sorptunna bætist við grunnlátin við íbúðarhús. Þó að komið verði með nýja tunnu þá er ekki þörf á að byrja að nota hana fyrr en um áramót þegar breytingar á lögum um úrgangsmál taka gildi. Breytingarnar á lögnum hafa áhrif um allt land og munu íbúar þurfa að flokka í fjóra flokka: almennt, lífrænt, plast sér og pappi sér ásamt því að sveitarfélagið mun koma fyrir grenndargámum fyrir ál, gler og textíl. Nánar var fjallað um þetta í síðasta blaði Áveitunnar. Fyrirkomulag flokkunar og þær breytingar sem verða gerðar um áramót verða nánar kynntar fyrir íbúum þegar nær dregur og hvet ég ykkur til að fylgjast vel með því. Fyrirkomulag sorpflokkunar á landinu öllu mun nú verða samræmt og gjaldskrár munu endurspeglar árangur sorpflokkunar í sveitarfélaginu. Það er því til mikils að vinna að flokka allan úrgang vel þar sem það skilar okkur lægri sorphirðugjöldum.

Sveitarfélagið er að undirbúa útboð á snjómokstri fyrir veturinn og munu auglýsingar birtast á næstu vikum. Við hvetjum áhugasama til þess að fylgjast vel með.

Stofnaður hefur verið vinnuhópur um uppbyggingu við Flóaskóla og á skólalóð skólans. Vinnuhópnum er ætlað að fullklára

þarfagreiningu ásamt því að setja fram tímasetta áætlun um uppbygginguna. Ljóst er að þörf á viðbótar húsnæði við skólann er til staðar og mun sveitarfélagið skoða möguleika og útfærslur á þeirri viðbót. Til að bæta aðstöðu á skólalóð hefur nú verið gengið frá kaupum á fjórum nýjum körfuboltakörfum sem og ærslabelg og er von á því að þetta verði sett upp á næstu dögum. Að auki hefur Ingvar Guðni á Tanga boðist til að smíða fimm frísbíggjuförur sem settar verða upp á skólalóðinni. Það er ómetanlegt fyrir samfélagið okkar að finna fyrir áhuga og velvild eins og Ingvar Guðni sýnir okkur með þessari gjöf.

Vinna við fjárhagsáætlunargerð er að fara í gang af fullum krafti en ljóst er að halda þarf þétt um taumana á öllum sviðum í fjármálum sveitarfélagsins. Mikilvægt er að forgangsraða verkefnum og á sama tíma þarf að leitast við að sinna lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins eftir bestu getu. Íbúafjöldi hefur farið vaxandi í Flóahreppi og ásókn er í að skipuleggja lóðir í sveitarfélaginu. Ljóst er að þörfin á íbúðarhúsnæði er til staðar á svæðinu. En samhliða uppbyggingu og fjölgun íbúa er mikilvægt að huga að innviðum sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að þeir vaxtaverkir sem fylgja íbúafjölgun kunna að kalla á töluverðar fjárfestingar hjá sveitarfélaginu líkt og er að gerast allt í kringum okkur. Á uppbyggingartíma og á tímum aukinnar verðbólgu er ljóst að sveitarfélagið þarf að sýna aðhald í öllum reksti til að standa undir skyldum sínum.

Það var ánægjulegt að sjá leikskólanum Krakkaborg takast markmið sitt í söfnun fyrir Bamba gróðurhúsi en það var tekið á móti því og þriðja Grænfánanum á dögnum við skemmtilega athöfn. Samfélagið sýndi að við getum látið drauma rætast þegar við tökum öll höndum saman.

*Að lokum vil ég minna á að umsóknarfrestur vegna hvatagreiðslna til íþróttalista- og tómstundaiðkunar er til 1. nóvember. Foreldrar/forráðamenn barna á aldrinum 6-18 ára sem eiga lögheimili í Flóahreppi geta sótt um greiðslunar. Umsóknir eru sendar rafrænt í gengum heimasíðuna [www.floahreppur.is/umsokn-hvatagreiðslur/](http://www.floahreppur.is/umsokn-hvatagreiðslur/)*

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri



## Fréttir frá Flóaskóla

Skólastarfið í Flóaskóla er farið vel af stað og alltaf eitthvað skemmtilegt um að vera hjá okkur. Vikuna 5.-9. september fór 9. bekkur, ásamt umsjónarkennara, í skólabúðir á Laugarvatni. Þar tókst hópurinn á við allskonar skemmtileg verkefni ásamt nemendum frá grunnskólanum í Hveragerði og Áslandsskóla í Hafnafirði.

Áframhald er á verkefninu Gullin í grendinni og fór 1. bekkur ásamt leikskólanum Krakkaborg í Skagás nú fyrr í mánuðinum. Þetta er einn liður í umhverfis og útikennslu og veigamikill þáttur í samstarfi leik- og grunnskóla.

Allir bekkir hafa nú útbúið sinn bekkjarsáttmála sem er eitt af aðalverkefnum í Uppeldi til ábyrgðar. Með bekkjarsáttmála ákveður hópurinn í sameiningu hvað þau vilja hafa að leiðarljósi í samskiptum sína á milli. Ásamt bekkjarsáttmála ræða og skilgreina nemendur og kennarar sín á milli hvert sé hlutverk annars vegar nemenda og hins vegar kennara.

Lestarpjálfun nemenda er veigamikill þáttur í kennslu. Til að fylgjast með framförum nemenda eru notuð matstæki Menntamálastofnunar en þau gefa jafnframt samanburð á landvísu. Fyrsta próf var lagt fyrir í september og verður markvisst unnið úr niðurstöðum og lagt áhersla á áframhaldandi lestrarpjálfun. Rannsóknir hafa sýnt að gott samstarf heimilis og skóla gegnir lykilþætti í lestarnámi barna. Í þessu samhengi má geta þess að



bætt var við bókakost bókasafns skólans sem verður vonandi hvatning til aukins lesturs.

Kvenfélag Villingaholtshrepps hefur styrkt skólann að upphæð 50.000 krónur til kaupa á nýrri hrærivél. Skólinn þakkar góða gjöf og má geta þess að hún kemur að einstaklega góðum notum þessa dagana þar sem hópur nemenda er að undirbúa sig fyrir þátttöku í *Eftirréttakeppni grunnskóla* sem haldin verður í fyrsta skipti nú í nóvember.



Með kveðju frá starfsmönnum Flóaskóla

## Helgihald í Gaulverjabæjarkirkju fram að jólum

### **23. október 19. sd. e.þrenningarhátíð**

kl. 14:00, Prestur: Arnaldur Bárðarson. Organisti: Haukur Gíslason

### **13. nóvember næst síðasti sunnudagur kirkjuársins (Feðradagurinn)**

kl. 14:00, Prestur: Arnaldur Bárðarson. Organisti: Haukur Gíslason

### **25. desember – jóladagur**

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00, Prestur: Gunnar Jóhannesson. Organisti: Haukur Gíslason

Þann 15. og 16. október stendur yfir visitasía biskups Íslands, Agnesar M Sigurðardóttur, í Árborgarprestakalli. **Í því tilefni mun verða stutt helgistund í Gaulverjabæjarkirkju laugardaginn 15. október kl. 13:00. Allir velkomnir**

Sóknarnefnd Gaulverjabæjarkirkju

## Kótelettukvöld í Þingborg 2022

Hið stór skemmtilega Kótelettukvöld verður á ný haldið á vetrardaginn fyrsta í Þingborg, laugardagskvöldið 22. október nk.

Húsið opnar kl. 19.30! Hátíðin sett kl. 20.00

Við borðum kótelettur í raspi ásamt tilheyrandi meðlæti (þökk sé Íslenska bóndanum)

Eftirréttur EMMESSÍS og kaffi. (gos, rautt og hvítt og bjór, selt af bar)

Guðni Ágústsson verður veislustjóri

Bassi okkar í Glóru leikur dinnermúsik

Ketill Ágústsson yngri spilar á gítar og syngur

(Ketill syngur Bubba Morthens í Borgarleikhúsinu, Níu Líf)

Eyjólfur Eyjólfsson óperusöngvari í London og París þenur röddina. Strákur í Hrygg og Hraungerði (Nú langspilskennari við Flóaskóla, búsettur í Roðgúl á Stokkseyri)

### Happdrætti aldarinnar!

Vinningar:

- Forystugimbur frá Ytra Álandi.
- Folatollur undan Ræðu-Jarli frá Brúnastöðum.
- Kvígukálfur frá Kols-holti ehf.
- Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður Hótel 360° í Hnausi.
- Gisting fyrir tvo og þriggja rétta kvöldverður Hótel Geysir.





Þingborg tekur 200 manns í sæti, gott að panta miða sem fyrst!

Miðaverð aðeins kr. 7500/sjö þúsund og fimm hundruð

Miða og borðapantanir hjá eftirtöldum aðilum:

Guðrún Tryggvadóttir

s: 894-4448 netf: grenigrund(hja)islandia.is

Sigmundur Stefánsson

s: 898-6476 netf: sigmundurstef(hja)gmail.com

Aðalsteinn Sveinsson

s: 860-7714 netf: adalsteinnkolsholti(hja)gmail.com

Allur ágóði rennur til Flóamannabókar, næst kemur Villingaholtshreppurinn út.

Þið eruð öll hjartanlega velkomin meðan húsrúm leyfir.

Takið afstöðu sem fyrst og verið með á skemmtilegu Kótelettukvöldi FÖGNUM VETRINUM.

## RORUM

Rannsóknir og ráðgjöf  
í umhverfis-  
og byggðarmálum



- Hnitsetning landamerkja
- Afmörkun nýrra lóða
- Mæliblöð, uppdrættir og lóðablöð
- Túnakortlagning og aðrar greiningar

**Rorum.is – 577-3337/837-6177 – ah@rorum.is**

## Gjöf frá Foreldrafélagi Flóaskóla

25. maí sl. gaf Foreldrafélagið skólanum nýjar útieldunarvörur, hlóðaleggi, pott og fleira sem mun nýtast vel á útisvæði skólans. Í síðustu viku vígðu nemendur í 1.-6. bekk græjurnar ásamt list og verkgreinakennurum og stuðningsfulltrúum. Nemendur bökuðu brauð á greinum yfir eldinum og hituðu kakó. Flóaskóli þakkar kærlega fyrir góða gjöf.



**ULLARVIKAN**

South Iceland 2022

**WOOL WEEK**

**2. - 9. október**



## **Messur í Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum í október og nóvember.**

**9. október, 17. sd. e.þrenningarhátíð**  
Hraungerðiskirkja messa kl. 13:30.

### **15-16 október Vísitasía Biskups Íslands**

Biskup Íslands vísiterar í Árborgarprestakalli helgina 15-16 október. Biskup Íslands heimsækir allar kirkjur og hittir sóknar-nefndarfólk, en almenn messa verður haldin í Selfosskirkju sunnudaginn 16. október kl. 11:00.

### **6. nóvember, allra heilagra messa**

Villingaholtsskirkja kl. 13:30.

Þjóðbúningamessa, þar sem allir sem eiga þjóðbúninga eru hvattir til að mæta í þeim. Messukaffi verður í Þjórsárverri að lokinni messu, svokallað Pálínuboð þar sem allir koma með eitthvað með sér á hlaðborðið og við eigum notalega stund saman.

Prestur: sr. Gunnar Jóhannesson. Organisti: Guðmundur Eiríksson

## **Meistaramót Þjótanda í skák**

Meistaramót Þjótanda í skák verður haldið í nóvember. Mótið er fyrir allan aldur og verður keppt í tveimur flokkum,

Grunnskólaflokk og Meistaraflokk. Ekki er búið að ákveða endanlega dagsetningu eða fyrirkomulag, en nú ættu allir að byrja að æfa sig til að vera klárir þegar þar að kemur.



# Í skugga Gaulverjabæjar

## Bókin um fjársvikarana miklu var að koma út

Fyrir rúmlega 100 árum fluttust þrír menn að Gaulverjabæ í Flóa sem kunnugir telja þá verstu sendingu sem komið hefur í þá friðsælu sveit. Þeir Jón Magnússon frá Miðhúsum í Biskupstungum, Björn Gíslason frá Húsey í Hróarstungu og Erasmus Gíslason frá Rauðabergi á Síðu, (bróðir Ragnhildar húsfreyju á Vestri-Loftsstöðum), stunduðu þá fjáröflunaraðferð að heimsækja vel stæða bændur á Suðurlandi, gefa þeim vel af koníaki og fá þá til að skrifa nafn sitt á pappíra, víxla og skuldabréf. Allt var þetta gert á löglegan hátt en fláttskapur bjó undir. Svo þegar víxlarnir og skuldabréfin féllu í gjalddaga komu innheimtulögfræðingar á staðinn og hirtu eignir þeirra sem skrifað höfðu á bréfin.

Margir hrekklausir bændur létu ginnast af fagurgala þessara manna og hlutu fjárhagslegt skipbrot fyrir bragðið. Dæmi eru um menn sem misstu jarðir sínar og eignir og urðu gjaldþrota og sagt er frá mönnum sem bundu enda á líf sitt þegar þrjótarnir voru búnir að koma þeim á kaldan klaka. Þá var skuggi yfir Gaulverjabæ en sólin fór aftur að skína þegar þeir voru á brott.

Brottför Björns Gíslasonar var söguleg því Dagur hreppstjóri safnaði liði og þá mættu 30 bændur í Bæjarhreppi til að bera hann út af staðnum. Fyrir tilverknað þremmenninganna missti til dæmis hinn ríki Eiríkur á Mýrum mestallar eignir sínar og bóndi í Bæjarhreppnum gekk í bæjarbrunninn þegar þeir höfðu falsað nafn hans á skuldabréf. Einn best menntaði bóndasonur sveitarinnar tók líf sitt með eitri, gjaldþrota maður. Þannig mætti áfram telja.

Ríkasti sparisjóður landsins, Sparisjóður Árnassýslu á Eyrarbakka, varð gjaldþrota eftir viðskipti sín við þessa menn og margir bændur urðu að ganga frá búi sínu þegar kom að skuldadögum. Frá þessu og ótal mörgu öðru segir í þessari litríku bók sem sannar það enn og aftur að raunveruleikinn er stundum ótrúlegri en nokkur skáldsaga.

Bókin er á fjórða hundrað bls. í meðalstóru broti. Í henni er mikið af myndum af því fólki sem við sögu kemur og alls staðar er vitnað til heimilda.


Bókina er ekki að finna í bókabúðum en fæst hjá höfundi og er komið til kaupenda þeim að kostnaðarlausu. Sjá heimasíðuna: [flóamannabók.is](http://flóamannabók.is)

Jón M. Ívarsson frá Vorsabæjarhóli.  
Sími: 861-6678  
Netfang: [jonmivars@gmail.com](mailto:jonmivars@gmail.com)

Umsögn:

„Vildi bara þakka þér fyrir bókina. Ævintýraleg saga er hér rakin á skýran og skeleggan hátt. Mikil örlagasaga sem ég hef oft séð vísað til en skorti hugmyndaflug til að átta mig á hversu víðtæk hún væri ...“

Inga Lára Baldvinsdóttir, sagnfræðingur, Eyrarbakka.



## **Glímuæfingar - ATH breyttur tími æfinga.**

Tímasetning glímuæfinga breytist líttíllega.

Yngri hópur verður frá kl 16:00—17:00 á mánudögum

Þjálfari er Jón Gunnþór Þorsteinsson

Eldri hópur verður frá kl 17:15 - 18:30, einnig á mánudögum.

Þjálfari er Stefán Geirsson.

## Árgjöld Umf Þjótanda

Nú í október munu birtast í heimabanka innheimtur vegna árgjalds Umf Þjótanda. Aðeins ein rúkkun berst á hvert heimili, 2500 kr fyrir þrjá félagsmenn eða fleiri og 1500 kr fyrir einn eða tvo félagsmenn. Aðeins 12 ára og eldri greiða félagsgjöld.

Gjaldkeri Umf Þjótanda

## Flóamót Umf Þjótanda

Flóamótið var haldið föstudaginn 2. september á íþróttavellinum við Flóaskóla í finasta veðri. Metþátttaka var á mótinu, en um 70 krakkar tóku þátt og spreyttu sig í nokkrum greinum frjálsíþróttá.

Þónokkuð af foreldrum mættu á mótið og aðstoðuðu við framkvæmdina, og einnig voru starfsmenn og nemendur í Flóaskóla sem unnu á mótinu. Í lokin fengu allir íspinna sem var í boði Kjörís.

Úrslit mótsins eru hér á næstu blaðsíðum.



## Flóamót - Úrslit

### 400m hlaup

#### 1.-3. bekkur

Páll Axel Axelsson	1.38,04 min
Valgerður Björk Hlíðdal	1.39,73 min
Arnar Axel Reynisson	1.40,23 min
Nikulás Tumi Ragnarsson	1.50,84 min
Einar Hörður Haraldsson	1.51,37 min
Kolbeinn Sturluson Schacht	1.52,41 min
Steinn Þorri Victorsson	1.55,35 min
Haraldur Ólafarson	1.57,69 min
Kristján Þ. Andrason	2.02,73 min
Lilja Reynisdóttir	2.14,94 min
Gísli Brynjar Ágústsson	2.16,72 min
Sóley L. Aitken Sævarsdóttir	2.20,84 min
Sölvi Þór Magnússon	2.22,81 min
Helena María Sanchez	2.32,84 min
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	2.32,93 min
Herborg Helga Davíðsdóttir	2.33,96 min
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2.34,08 min

#### 4.-6. bekkur

Axel Örn Aitken Sævarsson	1.29,04 min
Lilja María Axelsdóttir	1.32,11 min
Kristján Reynisson	1.37,73 min
Þorbjörn Sturluson Schacht	1.40,78 min
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	1.43,98 min
Gísli Svavar Sigurðsson	1.44,43 min
Viktor Logi Tello	1.44,86 min
Kristjana Ársól Stefánsdóttir	1.45,31 min
Katrín Lía Guðmundsd. Johnsen	1.45,56 min
Alexander Máni Axelsson	1.57,50 min
Hróar Indriði Dagbjartsson	1.59,61 min
Ásgerður Saga Stefánsdóttir	2.07,54 min
Matthilda Sigurðardóttir	2.10,87 min

#### 7.-10. bekkur

Helgi Reynisson	1.15,65 min
Kristófer Máni Andrason	1.21,62 min
Bjarki Rafn Reynisson	1.32,56 min
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	1.44,11 min
Ylfa Sigvaldadóttir	2.00,51 min



## Langstökk

### 1.-4. bekk

Arnar Alex Reynisson	3,05m
Einar Hörður Haraldsson	2,44 m
Nikulás Tumi Ragnarsson	2,43 m
Páll Axel Axelsson	2,33 m
Lilja Reynisdóttir	2,22 m
Kristján Þ. Andrason	2,12 m
Steinn Þorri Victorsson	2,08 m
Ragnhildur Sara Andradóttir	2,08 m
Þorkell Ólafur Þórbergsson	2,08 m
Valgerður Björk Hlíðdal	1,98 m
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	1,98 m
Sölvi Þór Magnússon	1,94 m
Greta Sóley Ingvarsdóttir	1,92 m
Haraldur Ólafarson	1,83 m
Óðinn Darri Elíasson	1,70 m
Helena María Sanchez	1,66 m
Gísli Brynjar Ágústsson	1,55 m
Sóley L. Aitken Sævarsdóttir	1,30 m
Herborg Helga Davíðsdóttir	1,20 m

### 4.-6.bekkur

Lilja María Axelsdóttir	3,27 m
Þorbjörn Sturluson Schacht	3,18 m
Egill Ingi Nielsen Jakobsson	3,12 m
Gísli Svavar Sigurðsson	3,11 m
Kristján Reynisson	3,02 m
Katrín Lía Guðmunds. Johnsen	2,73 m
Alexander Máni Axelsson	2,62 m
Ásgerður Saga Stefánsdóttir	2,50 m
Matthilda Sigurðardóttir	2,47 m
Ronja Sif Magnúsdóttir	2,43 m
Hróar Indriði Dagbjartsson	2,28 m
Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	2,18 m
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	2,15 m
Ottó Ingi Annýjarson	1,96 m
Kristján Reynisson	1,52 m

### **7.-10. bekkur**

Bjarki Rafn Reynissosn	4,43 m
Helgi Reynisson	4,39 m
Már Óskar Bjarnason	3,55 m
Rán Ægisdóttir	3,23 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	3,22 m
Ylfa Sigvaldadóttir	2,88 m
Þórarinn Óskar Ingvarsson	2,88 m

### **Kúluvarp**

#### **1.-3.bekkur**

Nikulás Tumi Ragnarsson	4,95 m
Arnar Alex Reynisson	4,90 m
Páll Axel Axelsson	4,60 m
Steinn Þorri Victorsson	4,40 m
Kristján Þ. Andrason	3,90 m
Lilja Reynisdóttir	3,30 m
Valgerður Björk Hlíðdal	3,30 m
Haraldur Ólafarson	3,20 m
Kolbeinn Sturluson Schacht	3,18 m
Einar Hörður Haraldsson	2,80 m
Sölvi Þór Magnússon	2,75 m
Óðinn Darri Elíasson	2,70 m
Greta Sóley Ingvarsdóttir	2,56 m
Ragnhildur Sara Andradóttir	2,55 m
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	2,26 m
Herborg Helga Davíðsdóttir	1,97 m
Sóley L. Aitken Sævarsdóttir	1,80 m

#### **4.-6.bekkur**

Egill Ingi Nielsen Jakobsson	8,60 m
Baldur Ragnar Ragnarsson	7,42 m
Þorbjörn Sturluson Schacht	7,19 m
Gísli Svavar Sigurðsson	7,17 m
Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	6,55 m
Matthilda Sigurðardóttir	5,88 m
Alexander Máni Axelsson	5,56 m
Hróar Indriði Dagbjartsson	5,54 m
Kristján Reynisson	5,10 m
Lilja María Axelsdóttir	5,06 m
Ronja Bella Baldursdóttir	4,67 m
Kristín María Sigurðardóttir	4,62 m

Ottó Ingi Annýjarson	4,48 m
Katrin Líska Guðmundsd. Johnsen	4,45 m
Ronja Sif Magnúsdóttir	4,45 m
Helgi Þorsteinn Helgason	3,87 m

### **7.-10.bekkur**

Björgvín Guðni Sigurðsson	8,95 m
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	8,09 m
Helgi Reynisson	8,05 m
Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir	6,44 m
Kristófer Máni Andrasón	6,17 m
Ásta Björg Jónsdóttir	5,83 m
Rán Ægisdóttir	5,24 m
Ylfa Sigvaldadóttir	5,21 m

### **60 m**

#### **1.-4. bekkur**

Arnar Alex Reynisson	10,77 sek
Lúkas Páll Guðjónsson	10,90 sek
Nikulás Tumi Ragnarsson	11,17 sek
Valgerður Björk Hlíðdal	11,22 sek
Páll Axel Axelsson	11,55 sek
Einar Hörður Haraldsson	11,73 sek
Kolbeinn Sturluson Schacht	11,75 sek
Kristján Þ. Andrasón	11,74 sek
Marikó Árný Ketel	12,14 sek
Lilja Reynisdóttir	12,28 sek
Steinn Þorri Victorsson	12,46 sek
Emilía Agnes Jóhannsdóttir	12,72 sek
Ragnhildur Sara Andradóttir	12,95 sek
Elín Dóra Þorsteinsdóttir	13,17 sek
Rakel Ýr Sigmarsdóttir	13,53 sek
Sölvi Þór Magnússon	13,54 sek
Helena María Sanchez	13,54 sek
Óðinn Darri Elíasson	13,88 sek
Greta Sóley Ingvarsdóttir	13,97 sek
Herborg Helga Davíðsdóttir	14,93 sek
Gísli Brynjar Ágústsson	14,97 sek
Haraldur Ólafarson	15,05 sek
Sigurður Helgi Guðjónsson	15,40 sek
Sóley L. Aitken Sævarsdóttir	16,73 sek

#### **4.-6. bekkur**

Lilja María Axelsdóttir	8,69 sek
Jón Bragason	9,09 sek
Axel Örn Aitken Sævarsson	9,66 sek
Hlynur Davíðsson	9,77 sek
Alexander Máni Axelsson	9,93 sek
Egill Ingi Jakobsson Nielsen	10,08 sek
Þorbjörn Sturluson Schacht	10,20 sek
Gísli Svavar Sigurðsson	10,95 sek
Kristján Reynisson	11,29 sek
Matthilda Sigurðardóttir	11,59 sek
Katrín Lís Guðmundsd Johnsen	11,75 sek
Víktor Logi Tello	12,29 sek
Bergþóra Dögg Þórbergisdóttir	12,35 sek
Óskar Hansson	12,40 sek
Hróar Indriði Dagbjartsson	12,42 sek
Guðbjörg Erla Annýjardóttir	13,00 sek
Ottó Ingi Annýjarson	13,26 sek
Kristín María Sigurðardóttir	15,21 sek

#### **7.-10. bekkur**

Bjarki Rafn Reynisson	10,67 sek
Helgi Reynisson	11,75 sek
Alexander Birgisson	11,65 sek
David Örn Aitken Sævarsson	12,00 sek
Kristófer Máni Andrason	12,43 sek
Ómar Elí Eiríksson	13,01 sek
Sigríður Svanhvít Magnúsdóttir	13,05 sek
Már Óskar Bjarnason	13,28 sek
Hugrún Svala Guðjónsdóttir	13,67 sek
Ylfa Sigvaldadóttir	14,30 sek
Þórarinn Óskar Ingarsson	14,41 sek



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG

Flóahreppur

vellíðan fyrir alla

# Myndir frá Flóamótinu





## Þjótandahúfur

Nýju glæsilegu Þjótandahúfurnar eru komnar í hús. Allir krakkar í Flóaskóla hafa fengið afhenta húfu. voru allar merktar á staðnum til að fyrirbyggja rugling. Börn á leikskólaaldri geta líka fengið ókeypis húfu, en foreldrar þurfa þá að setja sig í samband við Fanneyju eða Oddnýju Ásu á netföngin [fanneyo80@gmail.com](mailto:fanneyo80@gmail.com) eða [oddny@floaskoli.is](mailto:oddny@floaskoli.is), eða með skilaboðum eða símtali.

16 ára og eldri geta fengið keypta húfu á afar góðu verði, eða kr. 1.000, og eru Fanney og Oddný Ása söluaðilar.



## Dósasöfnun 10. bekkjar

Halló, halló.

Við í 10. bekk verðum á ferðinni um Flóahrepp í október að safna dósum og flöskum fyrir útskriftarferðina okkar í vor. 10. bekkur í Flóaskóla



### Dagskrá mánaðarins

Ullarvikan	2.-9. október
Glímuæfingar í Félagslundi	3. október
Æfingar í Þingborg	4. október
17. sd. e.þrenningarhátíð í Hraungerðiskirkju	9. október
Glímuæfingar í Félagslundi	10. október
Æfingar í Þingborg	11. október
Helgistund í Gaulverjabæjarkirkju	15. október
Vísitasía Biskups Íslands	15.-16. október
Glímuæfingar í Félagslundi	17. október
Æfingar í Þingborg	18. október
Kótelettukvöld í Þingborg	22. október
19. sd. e.þrenningarhátíð í Gaulverjabæjarkirkju	23. október
Glímuæfingar í Félagslundi	24. október
Æfingar í Þingborg	25. október
Glímuæfingar í Félagslundi	31. október

